

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1171/2009

2010/EES/71/22

frá 30. nóvember 2009

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar túlkun alþjóðlegra túlkunarnefndarinnar um reikningsskil (IFRIC-túlkun) 9 og alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS-staðal) 39 (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla <sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 <sup>(2)</sup> voru samþykktir alþjóðlegir staðlar og túlkanir sem voru fyrir hendi 15. október 2008.
- 2) Þann 12. mars 2009 birti Alþjóðareikningsskilaráðið (IASB) breytingar á IFRIC-túlkun 9, endurmat innbyggðra afleiðna, frá alþjóðlegu túlkunarnefndinni um reikningsskil (IFRIC), og IAS-staðli 39, fjármögnunargerningar: færsla og mat, hér á eftir „breytingar á IFRIC-túlkun 9 og IAS-staðli 39“. Breytingarnar á IFRIC-túlkun 9 og IAS-staðli 39 skýra meðhöndlun afleiðufjármálagerninga sem eru innbyggðir í aðra samninga þar sem blönduð fjáreign er endurflokkuð úr flokknunum gangvirði í gegnum rekstrarreikning.
- 3) Með samráði við sérfræðingahóp (TEG) Evrópsku ráðgjafarnefndarinnar um reikningsskil (EFRAG) er það staðfest að breytingarnar á IFRIC-túlkun 9 og IAS-staðli 39 uppfylla tæknileg skilyrði fyrir innleiðingu sem eru sett fram í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002. Endurskoðunarhópurinn um ráðgjöf

um reikningsskilastaðla lagði mat á álit Evrópsku ráðgjafarnefndarinnar um reikningsskil (EFRAG) um stuðning við staðlana, í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/505/EB frá 14. júlí 2006 um skipun endurskoðunarhóps um ráðgjöf um reikningsskilastaðlatalið aðráðleggja framkvæmdastjórninni um hlutlægni og hlutleysi álita EFRAG <sup>(3)</sup>, og tilkynnti framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna að álitid væri yfirvegað og hlutlægt.

- 4) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1126/2008 til samræmis við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stýrinnefndarinnar um reikningsskil.

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1126/2008 er IFRIC-túlkun 9, endurmat innbyggðra afleiðna, frá alþjóðlegu túlkunarnefndinni um reikningsskil (IFRIC), og alþjóðlegum reikningsskilastaðli (IAS) 39, fjármögnunargerningar: færsla og mat, breytt eins og sett er fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Félög skulu beita breytingunum á IFRIC-túlkun 9 og IAS-staðli 39, eins og þær eru settar fram í viðaukanum við þessa reglugerð, eigi síðar en frá og með upphafsdagsetningu fyrsta fjárhagsárs þeirra sem hefst eftir 31. desember 2008.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 314, 1.12.2009, bls. 43. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 94/2010 frá 2. júlí 2010 um breytingu á XXII viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 59, 21.10.2010, bls. 20.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 320, 29.11.2008, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 199, 21.7.2006, bls. 33.

---

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. nóvember 2009.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Charlie McCREEVY

*framkvæmdastjóri.*

---

## VIÐAUKI

## ALÞJÓÐLEGIR REIKNINGSSKILASTADLAR

IFRIC-túlkun 9	Breytingar á IFRIC-túlkun 9, <i>endurmat innbyggðra afleiðna</i>
IAS-staðall 39	Breytingar á IAS-staðli 39, <i>fjármögnunargæmingar: færsla og mat</i>

**Breytingar á IFRIC-túlkun 9*****Endurmat innbyggðra afleiða***

Ákvæðum 7. liðar er breytt. Bætt er við lið 7A og 10. lið.

**ALMENNT SAMKOMULAG**

7 Eining skal meta hvort greina þarf innbyggða afleiðu frá hýsilsamningnum og færa hana sem afleiðu þegar einingin verður fyrst aðili að samningnum. Síðara mat er bannað nema breyting hafi orðið á a) skilmálum samningsins sem breytir verulega sjóðstreymi, sem að öðrum kosti yrði gerð krafa um samkvæmt samningnum, eða b) endurflokkun á fjáreign úr gangvirði í gegnum rekstrarreikning, en í því tilviki er krafist mats. Eining ákvarðar hvort breyting á sjóðstreymi er veruleg með því að skoða í hve miklum mæli vænt framtíðarsjóðstreymi, sem tengist innbyggðu afleiðunni, hýsilsamningurinn eða hvort tveggja, hefur breyst og hvort breytingin er veruleg miðað við fyrra vænt sjóðstreymi í tengslum við samninginn.

7A Mat á því hvort þess sé krafist að greina þurfi innbyggða afleiðu frá hýsilsamningnum og færa hana sem afleiðu við endurflokkun á fjáreign úr flokknum gangvirði í gegnum rekstrarreikning í samræmi við 7. lið skal fara fram á grundvelli aðstæðna sem voru fyrir hendi á síðari dagsetningu:

- a) þegar einingin varð fyrst aðili að samningnum og
- b) þegar breyting varð á skilmálum samningsins sem breytti sjóðstreymi verulega sem að öðrum kosti hefði verið krafist skv. samningnum.

Að því er þetta mat varðar skal ekki beita c-lið 11. liðar IAS-staðals 39 (þ.e. farið skal með blandaðan (samtengdan) samning eins og hann hafi ekki verið metinn á gangvirði með breytingum í gangvirði sem fært er í rekstrarreikning). Ef eining getur ekki gert þetta mat skal áfram flokka blandaða (samtengda) samninginn í heild sinni á gangvirði gegnum rekstrarreikning.

**GILDISTÖKUDAGUR OG BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI**

10 *Innbyggðar afleiður* (breytingar á IFRIC-túlkun 9 og IAS-staðli 39), sem gefnar voru út í mars 2009, fólu í sér breytingar á 7. lið og lið 7A var bætt við. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem lýkur 30. júní 2009 eða síðar.

**Breytingar á alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS-staðli 39*****Fjármögnunargreiningar: Færsla og mat***

Ákvæðum 12. liðar er breytt. Lið 103J er bætt við.

**INNBYGGÐAR AFLEIÐUR**

12 Ef gerð er krafa um það í þessum staðli að eining aðgreini innbyggða afleiðu frá hýsilsamningnum en einingin getur ekki metið innbyggðu afleiðuna sérstaklega, annaðhvort við yfirtöku eða við lok síðara reikningsskilatímabils, skal hún tilgreina blandaða (samtengda) samninginn í heild sinni á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Ef eining getur ekki metið sérstaklega innbyggðu afleiðuna, sem yrði að aðgreina við endurflokkun blandaðs (samtengds) samnings úr flokknum gangvirði í gegnum rekstrarreikning, er sú endurflokkun sömuleiðis bönnuð. Við þær aðstæður er blandaði (samtengdi) samningurinn áfram flokkaður í heild á gangvirði gegnum rekstrarreikning.

**GILDISTÖKUDAGUR OG BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI**

103J Eining skal beita 12. lið, eins og honum var breytt með *Innbyggðum afleiðum* (breytingar á IFRIC-túlkun 9 og IAS-staðli 39), sem gefnar voru út í mars 2009, að því er varðar árleg tímabil sem lýkur 30. júní 2009 eða síðar.